



2. Kennari sem hefur skilað merku ævistarfi eða á annan hátt skarað framúr.

Þorvaldur Jónasson er fæddur í Ólafsvík 10. apríl 1942. Hann lauk kennaraprófi frá KÍ 1964 og hóf það sama ár störf sem myndmennta- og skriftarkennari við Réttarholtsskóla í Reykjavík og starfaði þar allar götur til ársins 2008, að undanskildu skólaárinu 1976-77 þegar hann stundaði nám við Statens Lærarhögskole og Kunst- og handverksskolen í Osló.

Um árabíl var Þorvaldur stundakennari við KÍ (síðar KHÍ) og leiðbeindi þar ófáum íslenskum kennaraefnum um skriftarkennslu. Auk þess hefur Þorvaldur sinnt fullorðinsfræðslu um árabíl, m.a. á vegum Námsflokka Hafnarfjarðar og Tómskundaskólans í Reykjavík.

Þorvaldur hefur alla tíð haft einkar skýra sýn á kennslu sína, markmið hennar og innihald og verið fundvís á leiðir til að vekja áhuga og metnað nemenda og skapa andrúmsloft vinnusemi, vandvirkni og glöðværðar. Hann hefur haldið á loft gildum klassískra og agaðra vinnubragða en jafnframt verið laginn við að ýta undir sköpunargleði nemenda og nýta sér strauma í unglíngamenningu hvers tíma kennslu sinni til framdráttar. Margir nemenda hans fóru í framhaldsnám í myndlist að hans hvatningu og með hans stuðningi.

Þorvaldur var einnig umsjónarkennari og var sérstaklega laginn við að vinna með nemendum sem þurftu á sértækum stuðningi að halda. Hann lagði rækt við að kynna nemendum sínum lífið utan skólans, fara á söfn og í hverskonar kynnisferðir og fyrir allnokkrum árum hafði Þorvaldur forgöngu um það ásamt fleirum að Réttarholtsskóli hóf markvissa kennslu fyrir 10. bekkina um ýmis þjóðfélagsmálefni líðandi stundar; stjórnmál, vinnuarkaðsmál, fjármál, menningu og listir. Þessi kennsla má með nokkrum sanni heita forveri þess sem nú er kennt við lífsleikni og ákvæði eru um í aðalnámskrá grunnskóla.

Þorvaldur hefur alla tíð lagt sig fram um að skapa persónuleg tengsl við nemendur og verið einkar laginn við að laða fram það besta í hverjum og einum. Umhyggju Þorvaldar og virðingu fyrir nemendum og velferð þeirra er við brugðið. Í frásögur er fært hversu minnugur hann er á gamla nemendur sína og áhugasamur um að fylgjast með gengi þeirra og halda við þá tengslum.

Kennsla Þorvaldar hefur einkennst af mannrækt í víðasta skilningi og fullyrða má að uppskera hans hafi verið drjúg á 44 ára kennsluferli.